

Fundargerð stjórnar Fíh

11. fundur stjórnar Félags Íslenskra Hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021 – 2022 miðvikudaginn 27. apríl 2022 kl. 09:00-15:35

Mættir: Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir.

Forföll: Þóra Gunnarsdóttir.

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir, fjármálastjóri Fíh. Sigrún Guðmundsdóttir og Fríða Elmarsdóttir, endurskoðendur BDO.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til umræðu

2. Endurskoðun ársins 2021

Fjármálastjóri Fíh og endurskoðendur BDO kynntu fyrir stjórn ársreikning 2021 og endurskoðunarskýrslu BDO á ársreikningi Fíh 2021. Einnig kynnti fjármálastjóri fyrir stjórn rekstraryfirlit sjóða fyrstu þrjá mánuði ársins 2022.

Ljóst er að iðgjöld hækka vegna aukinna starfa hjúkrunarfræðinga.

Endurskoðendur

Endurskoðendur BDO fóru yfir endurskoðunarskýrslu Fíh. Þar kom fram að áhættuþættir væru meðal annars aðgreining starfa en slíkt væri þó í lágmarki hjá Fíh.

Innra eftirlit er eðlilegt miðað við stærð félagsins. Engin frávik komu fram varðandi áhættugreiningu.

Engar athugasemdir komu fram hvað varðar rekstrarkostnað og styrkveitingar.

Eigið fé félagsins er 1.200 milljónir þannig að félagið stendur mjög vel.

Niðurstaða endurskoðunar er að ársreikningur Fíh fyrir árið 2021 gefur glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahagnum í lok árs 2021 og breytingum sem átti sér stað á handbæru fé á árinu.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkaði fjármálastjóra fyrir góða samantekt og kynningu. Stjórn þakkaði einnig endurskoðendum fyrir góða kynningu á endurskoðunarskýrslu. Stjórn samþykkti ársreikning Fíh fyrir árið 2021.

3. Rekstraryfirlit félags- og styrktarsjóða jan-mars 2022.

Fjármálastjóri kynnti fyrir stjórn rekstraryfirlit félags- og styrktarsjóðs frá janúar til mars árið 2022.

Alls hefur verið úthlutað í styrki 61.274.321 kr. fyrstu þrjá mánuði ársins en áætlun gerði ráð fyrir 78.012.500 kr. í úthlutun fyrir tímabilið. Ljóst er að mikil aukning hefur verið í heilsuræktarstyrk milli ára. Sjúkradagpeningar aukast einnig til muna.

Afgreiðsla: Umræða. Stjórn þakkaði fjármálastjóra fyrir góða yfirferð á rekstraryfirliti fyrstu þriggja mánaða ársins.

4. Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga – staðan í dag.

Mikið álag og þreyta er hjá hjúkrunarfræðingum eftir sérstaklega erfið tvö ár í starfi. Fíh fer af stað með fundi með hjúkrunarfræðingum víðsvegar um landið í maí til að ræða betur um stöðuna eftir veturinn og sumarið framundan.

Miklar áhyggjur eru meðal hjúkrunarfræðinga þar sem marga hjúkrunarfræðinga vantar til vinnu og sérstaklega í sumar svo hægt sé að veita lögbundin sumarfrí.

Nýlega var fundur með nýjum forstjóra Landspítala. Fyrirhugaður er fundur með heilbrigðisráðherra fljótlega til að fara yfir stöðuna.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn lýsti enn og aftur yfir þungum áhyggjum af óásættanlegu starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga um land allt og því starfsálagi sem þeir búa við. Ljóst er að grípa verður inn í manneklu sem er slæm og fyrirsjáanlegt að verður verri í sumar þar sem margar stofnanir og vinnustaðir hjúkrunarfræðinga eru í vandræðum með að manna sumarið. Stjórn Fíh hvetur heilbrigðisráðherra að setja strax mönnun hjúkrunarfræðinga í algjöran forgang.

5. Áherslur í starfi stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023.

Formaður lagði til að vísa þessum lið til næsta fundar þann 4. maí og vinna í honum á milli funda.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkti að færa liðinn til næsta stjórnarfundar og vinna í honum á milli.

6. Aðalfundur Fíh 12. maí 2022.

Formaður fór yfir atriði fyrir aðalfund Fíh sem verður haldinn á hótél Hilton Nordica þann 12. maí næstkomandi á alþjóðlegum degi hjúkrunarfræðinga.

Skráning á aðalfundinn hefst 28. apríl en fundurinn byrjar klukkan 17:00. Öll gögn fyrir fundinn þurfa að vera lögð fram fyrir 5. maí. Hjúkrunarfræðingar geta nú valið hvort þeir verði á staðnum eða taki þátt í fundinum í gegnum Teams. Kosningar að þessu sinni verða rafrænar en um er að ræða fyrstu rafrænu kosningar Fíh á aðalfundi sem ber að fagna. Á aðalfundinum verður kosið um þrjú sæti til stjórnar og einn varamann til tveggja ára. Einnig verða kosnir 3 í ritnefnd og 2 skoðunarmenn reikninga.

Formaður fór yfir hlutverk stjórnar á aðalfundi og ræddi tillögur að ályktunum sem verða lagðar fram.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn samþykkti hlutverk stjórnarmanna á aðalfundi og mun vinna nánar að ályktunum fram að aðalfundi. Stjórn hvetur hjúkrunarfræðinga til að fjölmenna á aðalfundinn þann 12. maí næstkomandi.

7. Umsóknir fagdeilda um viðbótarstyrki.

Formaður lagði til að vísa þessum lið til næsta fundar þann 4. maí næstkomandi þar sem ekki höfðu borist fullnægjandi gögn.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkti að færa liðinn um umsóknir fagdeilda um viðbótarstyrki til næsta stjórnarfundar.

8. Umsóknir um stofnun deilda.

Stjórn hefur borist beiðni og gögn um stofnun deildar karla innan Fíh. Stjórn hefur farið yfir gögnin og ljóst að það stenst kröfur sem fyrir liggja.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn lýsti yfir ánægju með frumkvæði að stofnun deildarinnar og samráði og samstarf við starfsfólk Fíh við undirbúninginn. Smávægilegar athugasemdir voru gerð við gögnin og verða þau tekin fyrir á næsta stjórnarfundum eftir frekari skoðun hjá undirbúningshópnum.

Einnig liggur fyrir stjórn önnur beiðni og gögn um stofnun fagdeildar hjúkrunarfræðinga á landsbyggðinni.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn lýsti yfir ánægju með frumkvæði að stofnun deildarinnar en ákjósanlegt hefði verið að eiga samráð við félagið við undirbúninginn. Afgreiðslu erindisins frestað, formanni falið að vinna áfram í málinu og afla frekari upplýsinga fyrir næsta stjórnarfund sem er þann 4. maí næstkomandi.

9. Beiðni um styrk vegna golfmóts hjúkrunarfræðinga.

Golfmót hjúkrunarfræðinga hefur verið haldið árlega í mörg ár og hefur verið gífurlega vinsælt meðal hjúkrunarfræðinga. Fíh hefur áður styrkt golfmót hjúkrunarfræðinga. Beiðni er um styrk til Fíh vegna golfmóts sem halda á þann 16. júní næstkomandi á Kiðjabergsvelli. Beðið er um styrk að heildarupphæð 306.548 kr. sem skiptist annarsvegar í búnað frá Fíh sem væri með merki félagsins og hinsvegar niðurgreiðslu á mótsgjaldi að upphæð 1.000 kr. fyrir hvern hjúkrunarfræðing.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn Fíh samþykkti að veita alls 306.548 kr. í styrk fyrir golfmót hjúkrunarfræðinga í sumar.

Til upplýsinga

10. Formaður upplýsti stjórn um nýlegan fund með forstjóra Landspítala sem haldinn var þann 31. mars síðastliðinn.

Önnur mál

11. Framkvæmdastjóri hjúkrunarfræðinga á Reykjalundi er að láta af störfum. Breyting verður á starfinu þar sem viðkomandi framkvæmdastjóri verður einnig stjórnandi í hjúkrun. Stjórn Fíh hvetur áhugasama hjúkrunarfræðinga að sækja um starfið.

Formaður upplýsti stjórn um hvatningastyrki Fíh. Ljóst er að allnokkrar umsóknir hafa borist en stjórn mun taka styrkina nánar fyrir á næsta stjórnarfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:35

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 4. maí 2022

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.